

103. fundur í stjórn Menningarfélagsins Bergs ses.  
Haldinn í Bergi 7. júní 2021. Fundur hófst kl. 15:00.

Mætt: Freyr Antonsson, formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Þórhalla Franklín Karlsdóttir og Björk Hólm Þorsteinsdóttir, forstöðumaður Menningarhússins Bergs.

**Dagskrá:**

1. **Starfsreglur stjórnar.** Farið yfir starfsreglur stjórnar varðandi úthlutanir á aðstöðu í Menningarhúsinu Bergi og þær uppfærðar í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur. Forstöðumanni falið að ljúka uppsetningu og frágangi og uppfæra á heimasíðu félagsins.
2. **Úthlutunarreglur.** Farið yfir úthlutunarreglur hússins og þær uppfærðar. Ákveðið að eigi sjaldnar en árlega skuli farið yfir úthlutunarreglurnar. Forstöðumanni falið að ljúka uppsetningu og frágangi og uppfæra á heimasíðu félagsins.
3. **Gjaldskrá.** Farið yfir gjaldskrána, engar breytingar gerðar.
4. **Bréf sem borist hefur.** Borist hefur bréf frá Kristínu Aðalheiði Símonardóttur og Bjarna Gunnarssyni, eigendum og rekstraraðilum Gísli, Eiríkur og Helgi Kaffihús, dags. 1. júní 2021 þar sem þau telja áhöld um að sú ákvörðun stjórnar að fela húsið öðrum aðilum til reksturs og einstakra viðburða standist lög og reglur. Einnig er gerð athugasemd við starfshætti forstöðumanns varðandi ákveðinn viðburð í húsinu. Málið rætt og gengið frá svarbréfi varðandi það sem snýr að stjórn. Forstöðumaður mun sjálfur svara athugasemdinni sem beindist að honum.

Fundi slitið kl.17:30.